**Ed.** **349. Frumvarp**

til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Enginn má festa upp auglýsingar í búð sinni eða veitingasölum, sýna opinberlega, kunngera í rituðu eða prentuðu máli eða á annan hátt birta almenningi, að hann hafi til sölu áfengisvökva, sem ekki hefir verið gerður óhæfur til drykkjar. Þó nær þetta ekki til þeirra auglýsinga, sem birtar eru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

gert í stærri stíl eða gróðaskyni, má hegna hlutaðeiganda með fangelsi, alt að ári.

Ábyrgðarmaður blaðs þess, er flytur auglýsingar um áfengi til drykkjar, skal sekur um 100—1000 kr. fyrir hverja slíka auglýsingu í blaði sínu. Sje enginn ábyrgðarmaður, ber prentsmiðjan ábyrgð á því.

Ef auglýsandi sjálfur er ekki búsettur hjer á landi, skal sá, er birt hefir auglýsinguna hjer, auk sektar sinnar, svara að öllu til sakar fyrir hönd auglýsanda.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú eins og áður borið fram eftir óskum manna úr framkvæmdarnefnd stórstúku Íslands. Vísast til þeirrar greinargerðar, er áður hefir fylgt frv.